

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

ÁRNI HELGASON OG JÓNAS JÓNASSON

TILRAUN Í STÓRSEIÐAELDI

(ÁFANGASKÝRSLA 3)

Veiðimálastofnun

Eintak bókasafsn

VMST-R / 86035

VMST-R / 86035

Desember 1986

ÁRNI HELGASON OG JÓNAS JÓNASSON

TILRAUN Í STÓRSEIÐAELDI

(ÁFANGASKÝRSLA 3)

Stórseidældi

## INNGANGUR

Þessi skýrsla er þriðja í röð áfangaskýrsla um framvindu mála í tilraun í stórseiðaeldi (RR52), sem framkvæmd er í Kollafirði. Skipulag og framkvæmd tilraunar er óbreytt frá því sem lýst er í fyrstu áfangaskýrslu og vísast til hennar varðandi þá þætti.

## YFIRLIT UM STÖÐU

Framkvæmd tilraunar gefur gengið eftir áætlun og er flokkun seiðanna lokið og endanleg stærð hópanna hefur verið ákveðin. Seiðunum hefur verið komið fyrir í 8 9m<sup>2</sup> kerjum í nýja eldishúsínu í Kollafirði og verða þar fram á vor þegar þau verða sett í kvi í sjó. Seiðin hafa verið merkt með uggaklippingum og búinn hefur verið til einn hópur þar sem saman eru í kerinu þeir þrír stofnar sem verið er að vinna með. Þetta er gert til að fá samanburð á vexti stofnanna á seiðastigi og minnka svokölluð kerjaáhrif. Framgangur seiðanna hefur verið eðlilegur og hafa flestir hóparnir sýnt betri vöxt en gert var ráð fyrir í áætlunum og ef vöxtur helst eins góður og hann hefur verið til þessa verða seiðin a.m.k. 600 gr. þegar þau verða sett í kvi næsta vor.

Á þessu stigi liggja fyrir miklar upplýsingar um vöxt stofnanna á seiðastigi, og eru þegar í vinnslu skýrslur eða ritgerðir um þann þátt. Væntanlega munu þær fyrstu birtast snemma á árinu 1987.

## YFIRLIT UM FJÁRMÁL.

Hér á eftir er yfirlit yfir rekstur rannsóknaverkefnisins frá upphafi og framtil 11. des. 1986. Það sem sett er undir lið "útborgað" er það sem greitt hefur verið af þeim styrk sem Rannsóknarráð hefur veitt. En það sem er undir lið "áætlað" er áætlaður kostnaður eins og hann var í upphafi verkefnis.

Í heild stendur verkefnið því sem næst á núlli, en frávik í einstökum liðum eru talsverð. Launakostnaður hefur til þessa

verið minni en áætlað var, og er það vegna þess, að Veiðimálastofnun og Laxeldisstöð ríkisins hafa tekið á sig stærri hluta af þeim en gert var ráð fyrir í upphafi.

Í upphafi var ekki gert ráð fyrir því að kaupa fóðrara á seiðastigi, en það reyndist hinsvegar nauðsynlegt þegar til kom. Þar er stofnkostnaður uppá rúm 100 þúsund, sem ekki var gert ráð fyrir í umsókn, og hefur hann verið fjármagnaður á kostnað annarra liða.

Af rekstrarþáttum er fóðurkostnaður mun hærri en ráð var fyrir gert, og er það einkum vegna þess að fóður hefur hækkað verulega frá því að áætlunin var gerð, en ekki var gert ráð fyrir því í umsókninni um styrkinn. Fóðurliðurinn í verkefninu á eftir að verða talsvert og vaxandi vandamál eftir því sem lengra líður á verkefnið.

Fyrir næsta vor þarf að kaupa eldiskví fyrir sjávareldi á stórseiðunum. Í fjármagnsáætlunum var gert ráð fyrir því að kostnaður við kvína yrði um 100.000 kr, en samkvæmt nýjustu upplýsingum seljanda má gera ráð fyrir því, að kostnaður við kvína verði næsta vor um 220.000 krónur.

Áður en langt um líður mun tilraunaverkefnið lenda í erfiðoleikum vegna fjárskorts, og er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvort möguleiki er á að fá frekari stuðning við verkefnið eða hvort þörf sé á að minnka umfang þess þannig að endar nái saman. Sú leið myndi verulega rýra niðurstöður tilraunanna. Æskilegt væri að fá álit rannsóknarráðs á þessum atriðum.

#### UM ÁFANGASKÝRSLUR

Þessi áfangaskýrsla spannar tímabilið frá því í ágúst 1986 til loka desember 1986. Er þess vænst, að hún nægi til að fá greiddar út styrkhluta frá 01/10/86 og 01/01/87.

---

Ārni Helgason  
Verkefnisstjóri

---

Jónas Jónasson

FYLGIRIT MED ÁFANGASKÝRSLU 3 UM RR52

YFIRLIT YFIR STÖÐU FJÄRMĀLA

	Útborgað	Áætlað	frávik
Laun	124.575.50	210.000.00	-40 %
Hrogn	48.000.00	40.000.00	+20 %
Vatnslagnir	115.070.61	240.000.00	-52 %
Fóðrarar	102.061.80	50.000.00	+104 %
Rannsóknartæki	87.877.60	60.000.00	+46 %
Fóður	225.176.40	120.000.00	+88 %
<u>Ýmislegt</u>	<u>24.980.20</u>		
Samtals	727.742.11	720.000.00	1 %

Afgreitt af styrk 610.000.00

Óafgreiddur styrkur 110.000.00 (Greiðsla 01.10.1986)

Samtals 720.000.00